



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/1551
komudagur 7.4.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. mars 2010.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðför nr. 90/1989, og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum, 447. mál, lagt fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2010.

Tollstjóri hefur mótttekið erindi Allsherjarnefndar Alþingis dags. 23. mars 2010, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/1989, um aðför og lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti.

Í 1. gr. frumvarps til breytingar á aðfararlögum nr. 90/1989, er m.a. lagt til að ljúka megi fjárnámi sem árangurslausu þótt ekki sé mætt til gerðarinnar af hálfu gerðarpola hafi hann sannanlega verið boðaður til gerðarinnar og engin vitneskja liggur fyrir um eign sem gera má fjárnám í. Tollstjóri telur þessa frumvarpstíllögu tímabæra og til mikilla hagsbóta fyrir kröfuhafa verði hún að lögum.

Kröfuhafar eru jafnan búnir að gera eignakönnun hjá gerðarpola áður en til fyrirtöku fjárnámsgerðar kemur. Margir gerðarpolar virðast þekkja leikreglurnar og mæta ekki til boðaðrar gerðar til þess að forðast það að fá á sig árangurslaust fjárnám. Þetta hefur haft í för með sér kostnað og fyrirhöfn fyrir kröfuhafa sem þurft hafa að leita gerðarpola uppi á lögheimili, vinnustað eða dvalarstað til þess að ná fram árangurslausu fjárnámi þrátt fyrir lögmeða boðun og fyrirliggjandi eignaleysi.

Þá er lagt til í 2. gr. frumvarpsins að gerðarþoli geti fengið árangurslaust fjárnám endurupptekið hafi hann ekki verið viðstaddur gerð. Með þessu móti ætti réttaröryggi gerðarpola að vera tryggt að því leyti að hann getur fengið hið árangurslausa fjárnám endurupptekið með því að vísa á eignir til tryggingar kröfu.

Tollstjóri gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Snorri Olsen
Tollstjóri